

Samstarfssamningur Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands

Stjórn Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabanka Íslands, hér á eftir nefndir samningsaðilar, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning, í samræmi við 4. mgr. 15. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Samningurinn varðar samstarf samningsaðila en hefur ekki áhrif á skyldur samningsaðila að öðru leyti samkvæmt lögum eða samningum.

1. Markmið samstarfssamningsins

Markmið samningsins er að samningsaðilar hafi eftirfarandi meginatriði að leiðarljósi í samstarfi sínu:


- Að ábyrgð hvors aðila og verkaskipting þeirra sé skýr, bæði í innbyrðis samstarfi þeirra og gagnvart fyrirtækjum á fjármálamarkaði og almenningi.
- Að tryggt verði að öllum tvíverknaði í sameiginlegri starfsemi aðilanna verði haldið í algjöru lágmarki, bæði til þess að koma í veg fyrir óhagræði fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta og til þess að lágmarka kostnað í starfsemi aðilanna.
- Að upplýsingaskipti á milli aðila verði greið og fljótverk.
- Að hvor aðili um sig upplýsi hinn eins fljótt og kostur er þegar fram koma vísbendingar um erfiðleika á fjármálamarkaði.
- Að tryggð verði samræmd vinnubrögð Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans við hugsanlegri kerfisáhættu á fjármálamarkaði.
- Að stuðla að skilvirkni og öryggi greiðslu- og uppgjörskerfa og að þau kerfi uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

2. Hlutverk og verkaskipting samningsaðila

2.1 Um starfsemi og hlutverk Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt gildandi lögum um það, nú nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, ákvæðum sérlaga og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli laga.

Um starfsemi og hlutverk Seðlabanka Íslands fer samkvæmt gildandi lögum um hann, nú nr. 36/2001, ákvæðum sérlaga og reglum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laga.

2.2 Samningsaðilar skulu virða starfssvið hvor annars. Þeir skulu leitast við að skilgreina á skýran hátt verksvið og ábyrgð hvors aðila þegar hlutverk þeirra skarast.



3. Verkaskipting samningsaðila vegna eftirlits með greiðslu- og uppgjörskerfum

- 3.1 Samkvæmt tilmælum Alþjóðagreiðslubankans (Bank for International Settlements – BIS) ber seðlabönkum m.a. að tryggja að eigin greiðslukerfi uppfylli alþjóðlega viðurkennda staðla og seðlabönkum ber jafnframt að ganga úr skugga um að önnur kerfislega mikilvæg greiðslukerfi sem rekin eru af þriðja aðila uppfylli þessa sömu staðla.

Í samræmi við tilmæli Alþjóðagreiðslubankans hefur Seðlabanki Íslands yfirsýn og annast kerfislægt eftirlit (e. oversight) með starfsemi þýðingarmikilla greiðslu- og uppgjörskerfa að því er varðar öryggi þeirra, skilvirkni og hagkvæmni. Seðlabankinn beinir í þessu sambandi athygli sinni að innri uppbyggingu kerfanna, rekstraráhættu og helstu áhrifaþáttum tengdum rekstri þeirra. Jafnframt fylgist bankinn með að gildandi lögum og reglum er varða rekstur kerfanna sé framfylgt. Yfirsýn bankans varðar þannig fyrst og fremst greiðslukerfin sjálf, en nær ekki til innviða eða innra skipulags hjá einstökum þátttakendum þeirra. Aðkoma Seðlabankans takmarkar ekki ábyrgð einstakra eiganda eða rekstraraðila greiðslukerfanna.

- 3.2 Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með að þátttaka eftirlitsskyldra aðila í greiðslu- og uppgjörskerfum sé í samræmi við þær reglur sem um þau kerfi gilda.

Fjármálaeftirlitið fylgist með áhættu hvers eftirlitsskylds aðila innan greiðslukerfanna, þ.e. hvernig áhættustýringu og innra eftirliti er háttað til að tryggja að farið sé eftir þeim reglum sem gilda innan kerfanna.

- 3.3 Samningsaðilar skulu hafa sameiginlega viðlagaáætlun vegna greiðslu- og uppgjörskerfa sem samþykkt er af forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabanka Íslands.

4. Fundir samningsaðila

- 4.1 Forstjóri Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabanka Íslands skulu halda með sér fundi þar sem fjallað er um atriði er varða ástand fjármálamarkaðarins og fyrirtækja á fjármálamarkaði og skiptast á upplýsingum sem ekki er miðlað með reglubundnum hætti samkvæmt 5. gr. samningsins. Fundirnir skulu að jafnaði haldnir eigi sjaldnar en ársþriðjungslega. Um fundarsókn af beggja hálfu fer eftir dagskrárefni og ákvörðun samningsaðila hverju sinni.

- 4.2 Á reglulegum fundum samningsaðila samkvæmt grein 4.1 skal m.a. fjallað um mat Seðlabankans á þróun rekstrarumhverfis fyrirtækja á fjármálamarkaði og hugsanleg áhrif á afkomu þeirra. Jafnframt skal fjallað um mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagsstöðu helstu eftirlitsskyldra aðila, einkum þeirra sem eru í viðskiptum við Seðlabankann.

- 4.3 Sérfræðingar sem fjalla um visbendingar um kerfisáhættu á fjármálamarkaði og starfandi eru innan Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans skulu halda fundi eigi

sjaldnar en ársþriðjunglega. Aðrir sérfræðingar samningsaðila halda með sér fundi eftir því sem tilefni verður talið til. Hvor aðili um sig skal tilnefna tengiliði vegna þessa.

- 4.4 Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið skulu efna reglulega til viðlagaæfinga og skulu þær haldnar að jafnaði annað hvert ár. Í þessu sambandi vísast jafnframt til samkomulags forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um samráð varðandi fjármálastöðugleika og viðbúnað frá 21. febrúar 2006.

5. Tilkynningar, upplýsingaskipti og upplýsingaöflun samningsaðila

- 5.1 Samningsaðilar eru sammála um að aðgangur að upplýsingum sé nauðsynlegur til að þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum og samningi þessum. Samningsaðilar skulu hafa samráð um öflun reglulegra upplýsinga um fyrirtæki á fjármálamarkaði. Lögð er áhersla á að samningsaðilar leiti ekki hvor um sig eftir sambærilegum upplýsingum og að sá samningsaðilanna safni upplýsingum, sem hann varðar mestu.

Í fylgiskjali með samningi þessum er kveðið á um gagnasöfnun hvors samningsaðila og gerð grein fyrir hvaða upplýsingar skuli látnar hinum í té og á hvaða máta, þ.e. á pappír, í tölvupósti eða öðru formi. Fylgiskjalið skal endurskoðað reglulega.

Miða skal við að upplýsingar sem samningsaðili aflar og lætur hinum aðilanum í té samkvæmt þessari grein séu að jafnaði sendar svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en viku eftir að þær liggja fyrir. Framsetning efnis skal ráðast af því sem best hentar sendanda.

- 5.2 Leiði athuganir Fjármálaeftirlitsins í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila sem eru í viðskiptum við Seðlabankann eða eru umsvifamiklir á markaði, eða alvarlega kerfislæga hættu á fjármálamarkaði að öðru leyti, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera bankastjórn Seðlabankans viðvart.


Leiði athuganir Seðlabankans í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu fyrirtækja á fjármálamarkaði eða alvarlega erfiðleika á fjármálamarkaði að öðru leyti, skal Seðlabankinn tafarlaust gera forstjóra Fjármálaeftirlitsins viðvart.

Í þessum tilvikum bregðast forstjóri Fjármálaeftirlitsins og bankastjórn Seðlabankans við í samræmi við innri reglur hvorrar stofnunar.

- 5.3 Samningsaðilar skulu þegar í stað upplýsa hvor annan verði þeir þess áskynja að brotið hafið verið gegn þeim reglum sem gilda innan greiðslu- og uppgjörskerfa.

Samningsaðilar skulu jafnframt eigi sjaldnar en árlega gera hvor öðrum grein fyrir framkvæmd eftirlits með greiðslu- og uppgjörskerfum.

- 5.4 Samningsaðilar skulu veita hvor öðrum fullan aðgang að gögnum sem þeir varðveita og nýtast í starfsemi hlutaðeigandi skv. 2. gr.



6. Setning reglna

Samningsaðilar skulu upplýsa hvor annan um reglur sem þeir hyggjast setja og varða starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði.

7. Samstarf um aðgerðir

7.1 Samningsaðilar skulu í samstarfi sínu leitast við að þróa aðferðir til að sjá fyrir, eins fljótt og kostur er, erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði og í starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði.

7.2 Samningsaðilar skulu gera hvor öðrum grein fyrir aðgerðum sem þeir hyggjast grípa til og hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði eða rekstrarumhverfi fjármálamarkaðarins.

Þegar verulegir erfiðleikar koma upp í rekstri fyrirtækis sem hefur mikið vægi á fjármálamarkaði, svo sem þegar greiðsluferfiðleikar eða gjaldþrot blasir við fyrirtæki á fjármálamarkaði, skulu samningsaðilar hafa samráð um aðgerðir sínar. Sama á við þegar erfiðleikar varða fleiri fyrirtæki á fjármálamarkaði eða fjármálamarkaðinn í heild. Komi til athugunar að Seðlabankinn veiti lánastofnun lán eða ábyrgð í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/2001 mun hann eiga náið samstarf og samráð við Fjármálaeftirlitið um lausn þess vanda sem upp kann að hafa komið.

7.3 Sé kerfisáhætta til staðar eða yfirvofandi skulu sérfræðingar sem getið er í grein 4.3 starfa saman og gera tillögu um sameiginlegar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands og önnur viðbrögð.

7.4 Samningsaðili ber sjálfstæða ábyrgð á aðgerðum sem honum er heimilt að grípa til í samræmi við hlutverk sitt samkvæmt 2. gr.


8. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Samningsaðilar skulu hafa samráð um aðild að alþjóðlegu samstarfi og fundarsókn sem tengist hlutverki beggja aðila. Jafnframt skal hvor samningsaðila upplýsa hinn um atriði er fram koma í alþjóðlegu samstarfi og varða hlutverk viðkomandi aðila.

9. Þagnarskylda

Upplýsingar sem hvor samningsaðili veitir hinum eru háðar þagnarskyldu lögum samkvæmt. Upplýsingarnar skulu einungis nýttar í starfsemi samningsaðila.

Samningsaðilar skulu gæta þess að veita ekki upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga án samráðs við þann aðila sem þeirra aflaði.

Handwritten signatures and initials in black ink, located at the bottom right of the page. There are three distinct marks: a stylized 'JO' on the left, a large signature 'ARFV' on the right, and another signature 'BG' below it.

10. Annað

Samningur þessi leysir af hólmi samstarfssamning frá 28. mars 2003, samning vegna greiðslu- og uppgjörskerfa dagsettur sama dag og minnisblað Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um viðbúnað vegna hugsanlegra erfiðleika í rekstrarumhverfi á fjármálamarkaði frá sama tíma.

Samningurinn skal endurskoðaður telji annar hvor eða báðir samningsaðilar þess þörf.


Heimilt er að breyta fylgiskjölum ásamt viðaukum með samningi þessum með undirskrift forstjóra Fjármálaeftirlitsins og bankastjórnar Seðlabanka Íslands.

Reykjavík, 3. október 2006

Fjármálaeftirlitið:



Seðlabanki Íslands:




Fylgiskjal: Gagnasöfnun samningsaðila

**FYLGISKJAL I MEÐ SAMSTARFSSAMNINGI
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS OG SEÐLABANKA ÍSLANDS
DAGS. 3. OKTÓBER 2006¹**

A. Uppýsingar sem Seðlabanki Íslands lætur Fjármálaeftirliti reglulega í té.

1. Mánaðarlega:

- 1.1. Efnahagsyfirlit viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. eftirfarandi heiti: “LAKI BEFT_EFNAH EIGNIR 13 MÁN, ÚTSKRIFT” og “LAKI BEFT_EFNAH SKULDIR 13 MÁN, ÚTSKRIFT”
- 1.2. Mánaðaryfirlit ýmissa lánaþyrtinga.
- 1.3. Peningamálayfirlit.
- 1.4. Efnahagsyfirlit viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. eftirfarandi heiti: “LAKI BEFT_YFIRLIT”.
- 1.5. Gjaldþyrtingar einstakra gjaldþyrtingaáðila.
- 1.6. Efnahagsyfirlit lífeyrissjóða, heildaryfirlit.
- 1.7. Erlendar eignir og skuldir einstakra banka, þ.m.t. yfirlit yfir eftirstöðvatíma, sbr. eftirfarandi heiti “LAKI_EFTIRSTÖÐVAR FYRIR FME.
- 1.8. Lausafjárskýrsla einstakra lausafjárskyldra áðila.
- 1.9. Greining á lausu fé fyrir viðskiptabanka og stærstu sparisjóði, sbr. “LAUSAFEGREININGFME.xls”.
- 1.10. Efnahagsreikningar einstakra váttryggingafélaga.

Handwritten signatures and initials in black ink, including a large signature and two sets of initials.

¹ Nánari tilgreining á sendendum og móttakendum innan viðkomandi stofnana og formi gagna með tilvísun til einstakra ofangreindra tölulíða kemur fram á sérstökum lista sem tekinn verður saman og endurskoðaður reglulega.

B. Upplýsingar sem Fjármálaeftirlit lætur Seðlabanka Íslands reglulega í té.

1. Mánaðarlega:

1.1. Upplýsingar um innlán innlánsdeilda samvinnufélaga.

2. Ársfjórðungslega:

2.1. Upplýsingar úr CAD skýrslum, eigið fé og áhættugrunnur.

2.2. Yfirlit um vanskil lánastofnana.

2.3. Skýrsla um stórar áhættuskuldbindingar.

2.4. Kröfur og skuldir við erlenda aðila sundurliðaðar eftir löndum.

2.5. Yfirlit yfir fastvaxtaáhættu.

2.6. Yfirlit yfir útlán með veði í íbúðarhúsnæði.

2.7. Yfirlit yfir útlán með veði í hlutabréfum og örðum verðbréfum.

2.8. Yfirlit 3 stærstu viðskiptabankanna yfir viðskipti fjármálafyrirtækis við tengda aðila.

3. Hálfárslega:

3.1. Samantektir um afkomu helstu lánastofnana.

4. Árlega:

4.1. Efnahagsreikningar lánastofnana, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóða samkvæmt ársreikningum viðkomandi aðila. Aðgangur að viðkomandi upplýsingum fyrir útgáfu á heimasíðu Fjármálaeftirlits.

C. Annað.

1.1. Hvor stofnun um sig mun hverju sinni senda hinni almenn dreifibréf og fréttatilkynningar.

1.2. Fjármálaeftirlitið mun láta Seðlabanka Íslands vita án tafar ef tilefni er til að ætla að lausfjárskýrslur einstakra lánastofnana séu ekki rétt útfylltar.

1.3. Seðlabanki Íslands mun láta Fjármálaeftirlitið vita án tafar ef hann hefur tilefni til að ætla að einstakar lánastofnanir eigi í lausafjárerfiðleikum.

1.4. Fjármálaeftirlitið mun upplýsa Seðlabanka Íslands um ný starfsleyfi eða breytingar á starfsleyfum fjármálafyrirtækja.

3. október 2006

**Listi yfir sendendur og móttakendur gagna og form gagna
samkvæmt fylgiskjali með samstarfssamningi
Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands,
dags. 3. október 2006.**

Nr.	Sendandi	Móttakandi	Form	Tölvupóstfang
A.1.1.	SÍ, Tölf.svið, RBR	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.2.	SÍ, Tölf.svið, EHB	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.3.	SÍ, Tölf.svið, RBR	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.4.	SÍ, Tölf.svið, RBT	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.5.	SÍ, Tölf.svið, HH	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.6.	SÍ, Tölf.svið, KB	FME, KAB	Tölvupóstur	heida@fme.is
A.1.7.	SÍ, Tölf.svið, RBR	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.8.	SÍ, Fjármálasvið, PK	FME, OJ	Tölvupóstur	oddrun@fme.is
A.1.9.	SÍ, Tölf.svið, EHB	FME, GJ	Tölvupóstur	gudmundur@fme.is
A.1.10.	SÍ, Fjármálasvið	FME, SFJ	Pappír/Tölvupóstur	sigurdur@fme.is
B.1.1.	FME, OJ	SÍ, Tölf.svið, FÚ	Tölvupóstur	rikhardur.rikhardsson@sedlabanki.is
B.2.1.	FME, HTh	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.2.	FME, OJ	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.3.	FME, HTh	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.4.	FME, HTh	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.5.	FME, GJd	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.6.	FME, GJd	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.7.	FME, GJd	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.2.8.	FME, HTh	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.3.1.	FME, GJd	SÍ, Fjármálasvið, JÞ	Tölvupóstur	jonas.thordarson@sedlabanki.is
B.4.1.	FME, OJ	SÍ, Tölf.svið, FÚ	Tölvup.	rikhardur.rikhardsson@sedlabanki.is
C.1.1.	FME/SÍ, ritara	SÍ/FME	Tölvup.	fme@fme.is/
C.1.2.	FME, RH	SÍ, Fjármálasvið, PK	Tölvupóstur	palina.kristinsdottir@sedlabanki.is
C.1.3.	SÍ, Peninga- og fjármálasvið	FME, JFJ/RH/GJ	Sími/Tölvup.	jonasfr@fme.is, ragnar@fme.is, gudmundur@fme.is
C.1.4.	FME, ÞEM	SÍ, Fjármálasvið	Bréf	

Af hálfu FME er Guðrún Jónsdóttir (gudrun@fme.is) tengiliður vegna skila á upplýsingum til SÍ.